

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi,
nr. 63 29. marz 1963.

Á eftir 1. málsgrein auglýsingar nr. 63 29. marz 1963 komi svo hljóðandi ný málsgrein:

Undanþegnir ákvæði 1. mgr. skulu vera umsækjendur, sem fyrir læknaþróf hafa gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni, en þó aðeins þann tíma, sem þeir hafa gegnt störfunum, og því aðeins að þjónustan hafi á sínum tíma verið metin brýn af landlækni.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. nóvember 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

11. nóvember.

Nr. 247.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. nóvember 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um alla þá Vestur-Íslendinga, sem hlut áttu að stofnun H/f Eimskipafélags Íslands. Stofnendur teljast allir þeir, er afhenda sjóðnum gjafir fyrir árslok 1966.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að velgengni Háskóla Íslands, svo og að styrkja efnilega stúdenta til náms við Háskólann eftir ákvörðun háskólaráðs.

4. gr.

Stofneign sjóðsins nú er kr. 342000.00. Er stofneignin öll í hlutabréfum H/f Eimskipafélags Íslands að nafnverði kr. 342000.00.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.